

Ómerktir lögreglumenn í umferðarátaki:

Lögreglumenn eiga að vera einkennendir við störf

„Það er tvímælalaust gert ráð fyrir því í lögum að lögreglumenn séu einkennendir við störf.“ sagði Stefán Már Stefánsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Lögreglumenn um land allt eru nú ákveðinn tíma dagsins á ómerktum bifreiðum og sumir hverjir óeinkennisklæddir við störf. Ástæðan er sú að nú stendur yfir umferðaratak til að tryggja það að öllum fari varlega við gatnamót. Talið er að betur gangi að ná til fólks, sem ekki fer rétt að í umferðinni, með því að lögreglumenn séu ekki sýnilegir fólki. „Samkvæmt 34. grein laga um meðferð opinberra mála er hlutverk lögreglumanna að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna, stemma stigu við ólöglegri hegðun og vinna að uppljóstrun brota. Þetta gefur lögreglumenn búsna viðtækar heimildir þannig að þótt ómerktur og óeinkennisklæddur lögreglumaður tilkynni umferðarlagabrot tiltekins ökumanns en einkennisklæddur lögreglumaður á merktri bifreið stöðvi sama ökumann fyrir brotið er fátt í lögum sem bannar slíkt athæfi. Hins vegar verður að vera sanngjarn hlutfall á milli lögregluað-

gerðar og þeirra hugsanlegu brota sem hún beinist gegn. Ef ástæða er til að ætla að meiri háttar athæfi, andstætt lögum, sé í uppsiglingu þá er auðveldara að rökstyðja það að legið sé fyrir manni eða settar fyrir hann einhvers konar gildirur heldur en ef um minni háttar brot er að ræða. Síðan er það auðvitað álitamál hvað er stórt og hvað er lítið brot.“ sagði Stefán Már.

Stefán Már sagði að spurningunni um það hvort tiltekin lögregluaðgerð væri lögleg eða ekki yrði ekki svarað nema að undangenginni rannsókn í hverju tilviki fyrir sig. „Almenningur getur ekki fengið öruggt svar við því hvort lögregluaðgerðir af þessu tagi séu lögmætær eða ekki.“ -KB



Lögreglumenn sitja í bilnum hægra megin á myndinni og fylgjast með öku mönnum brjóta reglur um stöðvunarskyldu. Lögreglubíllinn er ómerktur eins og myndin sýnir. DV-mynd S



Martin Berkofsky pianóleikari.

Berkofsky styrkir Tónlistarhús í Reykjavík

Martin Berkofsky pianóleikara, sem búsettur er á Íslandi, var afar vel fagnað í lok tónleika sem hann hélt við Harvard háskóla til styrktar Tónlistarhúsi í Reykjavík. Kölluðu áheyrendur hann fram í tvisgang.

Tónleikarnir voru haldnir þann 19. október síðastliðinn og flutti Berkofsky eingöngu verk eftir Franz Liszt, í 100 ára minningu tónskáldsins. Við upphaf þeirra minntist Berkofsky einnig Jean-Pierre Jacquillat, hljómsveitarstjóra sem lést af slysförum í Frakklandi í sumar.

Í samkvæmi, sem haldið var Berkofsky til heiðurs, fluttu þau Marshall Bement, fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna, og Pamela, kona hans, ávörp og báru mikið lof á listamanninn fyrir förnýsi hans og listgáfu. „Íslendingar eru með afbrigðum músikölsk þjóð.“ sagði Marshall Bement og nefndi sem dæmi að í 15.000 manna bæ eins og Akureyri væru 600 tónlistarnemendur.

Árman Örn Ármannsson, formaður samtaka um Tónlistarhús, gerði sér sérstaka ferð á tónleikana í Harvard og lét þess getið í viðtölum hve mikils Íslendingar mætu vinna og stuðning Berkofskys.

Í viðtali sagðist Berkofsky ætla að halda fleiri tónleika í Bandaríkjunum til styrktar Tónlistarhúsinu. Þann 23. október hélt hann tónleika við franska bókasafnið í Boston, ásamt með kammerveit, og næsta vor ætla hann að halda styrktartónleika í Buffalo, New York. Loks hefur komið til tals að hann haldi slíka tónleika í Noregi.

„Íslenskt tónlistarhús er algjört forgangsverkefni. Ísland er mitt annað föðurland og ég vil gjarnan geta orðið því að liði með þessum hætti.“ -ai

AFMÆLISVEIZLA

Hann á afmæli í dag
Hann á afmæli í dag
Hann á afmæli hann
SPRENGISANDUR
Hann á afmæli í dag



Góðir Íslendingar
Veitingahúsið Sprengisandur
er EINS ÁRS þessa helgi
2. nóv. 1986
TIL HAMINGJU
SPRENGISANDUR

SPRENGISANDUR EINS ÁRS

2. nóv. 1985

2. nóv. 1986

AFMÆLIS TILBOÐ KR. 159,00

HAMBORGARI FRANSKAR OG KÓK
EÐA
2 KJÚKLINGABITAR FRANSKAR OG KÓK

LAUGARDAGUR
FLUGELDASYNING
Laugardagskvöld kl. 22.00

SUNNUDAGUR
Allir matargestir
fá BOÐSMÍÐA
Á MÁLTÍÐ
í kaupbæti, í tilefni
dagsins

ALLIR FÁ
FÍLAKARAMELLUR

Þú ert alltaf velkominn
á SPRENGISAND



sprengisandur

VEITINGAHÚS

Bústaðavegi 153. Sími 688088.



FULLT HÚS MATAR

VERIÐ VELKOMIN
Í BESTA KJÖTVERÐIÐ.

KJÖTMIDSTÖÐIN
Laugalæk 2, Sími 686511

1/2 NAUT 249,00 kr/kg

– úrbeinað/pakkað/merkt
– flokkur UN.I.

1/2 SVÍN 249,00 kr/kg

– nýtt eða reykt
– úrbeinað/pakkað/merkt

7/8 LAMB 179,00 kr/kg

– rúllupylsa fyrir slög

ODYRA LAMBAKJÖTIÐ

Lambalæri.....	259,00 kr.
Lambahryggur.....	250,40 kr.
Lambaframhryggur.....	283,40 kr.
Lambagrillsneiðar.....	198,00 kr.
Lambasúpukjöt.....	198,00 kr.
Lambaslög.....	38,00 kr.
Lambasaltkjöt, valið.....	288,00 kr.
Lambakótelettur.....	250,40 kr.
Úrbeinað lambalæri.....	438,00 kr.
Úrbeinaðir lambahryggir.....	443,00 kr.
Úrbeinaðir lambabógar.....	363,00 kr.
Lambahakk.....	185,00 kr.
Kindahakk.....	175,00 kr.

GOTT VERÐ A REYKTU SVÍNAKJÖTI

Hamborgarreylt	
svinalæri.....	290,00 kr.
Hamborgarreylt	
svinabógar.....	285,00 kr.
Hamborgarreylt	
svinahryggir.....	490,00 kr.
Hamborgarreylt	
svinahakkar, úrbeinaðir.....	477,00 kr.
Bajonskinka (úrbeinað læri).....	351,00 kr.
Sænsk skinka (eftir pöntun).....	290,00 kr.
Úrbeinaður hamborgarhryggur (samkv. danski aðferð).....	830,00 kr.

LÚXUSKASSI

20,2 kg á 7.500 kr.

Innihald:

3 kg kjúklingar
1 kg nautasnitset
3 kg nautagúllas
3 kg svinakótelettur
2 ¹ / ₂ kg svinahamborgarhryggur
2 kg lambagrillsteiksneiðar
3 kg svinabógsteiksneiðar
1 kg svinahamborgarkótelettur
1,7 kg London lamb
20,2 kg.

ÚRVALS NAUTAKJÖT

Fille.....	760,00 kr.
Mörbráð.....	845,00 kr.
Gúllas.....	550,00 kr.
Enskt buff.....	640,00 kr.
Snitset.....	595,00 kr.
Innlæri.....	640,00 kr.
Hakk.....	298,00 kr.
10 kg hakk.....	268,00 kr.
Bógsteikur.....	275,00 kr.
T-bone-steikur.....	430,00 kr.
Grillsteikur.....	430,00 kr.

Opíð alla föstudaga til kl.
20 og laugardaga 07–16.

